


Íslenska efnahagsundrið

Um hagvöxt og kaupmáttaraukningu á lýðveldistímanum

Í nýrri grein í tímaritinu *Stjórnámál og stjórnsýsla* (haust 2008) fjallar Stefán Ólafsson um hagvöxt á lýðveldistímanum frá 1945 til nútímans. Hann spyr hvort hagvöxtur frjálshyggjutímans frá 1995 hafi verið meiri en hagvöxtur fyrri góðæra á síðustu sex áratugum.

Niðurstaðan er sú að hagvöxtur hafi verið langmestur á tímabilinu frá 1960 til um 1980, bæði heildarvöxtur á tímabilinu og meðalvöxtur á ári. Tímabilið eftir 1995, frjálshyggjutímabilið, stendur fyrri góðærum á lýðveldistímanum talsvert að baki. Hagvöxtur allra síðustu ára, eða frá 2003, nær heldur ekki máli fyrri góðæra, en hann var auk þess að stærstum hluta byggður á gríðarlegri skuldaföfnun sem ekki var sjálfbær á nokkurn hátt.

Það er því afar villandi að kenna hagþróun frjálshyggjutímans eftir 1995 við efnahagsundur, nema þá í neikvæðum skilningi. Stærstu hagsældarskref lýðveldistímans voru stigin milli 1960 og 1980, jafnvel enn frekar á tímabilinu 1960 til 1987, eins og sjá má á myndinni sem hér fylgir.




Mynd 1: Árlegur hagvöxtur á Íslandi 1946-2010.

Hlutfallsleg magnbreyting vergrar landsframleiðslu á mann frá fyrra ári, á föstu verðlagi.

Mestur samdráttur í landsframleiðslu Íslendinga varð á tímabilinu 1948-1952 en kreppa síldaráranna (1967-9) var næststærsta samdráttarskeiðið. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Seðlabanki Íslands spá um 10% samdætti landsframleiðslu á næstu tveimur árum, sem er meiri samdráttur en varð í síldarkreppunni. Þó það yrði ekki mesti samdráttur landsframleiðslunnar á lýðveldistímanum verða afleiðingarnar mun meiri og alvarlegri nú vegna erfiðrar skuldastöðu heimilanna og þjóðarbúsins. Atvinnuleysi, kaupmáttarrýrnun, skuldabyrði og takmörkuð fjárhagsgeta stjórnvalda til viðnáms mun skapa meiri erfiðleika en í fyrri kreppum lýðveldistímans.

Í greininni er einnig borin saman aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna almennings á síðustu árum og fyrri áratugum eftirstriðsáranna. Þar kemur einnig fram að á tímabilinu 1960 til um 1980 jókst kaupmáttur almennings mest (mynd 2). Á frjálshyggjutímanum eftir 1995 var kaupmáttaraukning talsvert minni en á áratugunum milli 1960 og 1980.

Ólíkt fyrri góðærum var kaupmáttaraukning mjög misskipt frá 1995, þannig að hátekjufólk naut mun meiri kjarabóta en aðrir. Áður hafði kaupmáttaraukning yfirleitt verið jafnari milli þjóðfélagshópa þannig að flestir landsmenn nutu hagsældarinnar í svipuðum mæli.



Mynd 2: Þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna á Íslandi 1955-2009
Breyting frá fyrra ári í %.

Fjármálahrunið á Íslandi er í greininni einkum rakið til áhrifa róttækrar frjálshyggju á stjórnarstefnuna, sem náði hámarki með einkavæðingu bankanna sem lokið var snemma árs 2003. Það gerðist í aðstæðum þar sem þjóðin hafði nýlega fengið frelsi til fjármagnsflutninga og þar sem eftirlits- og aðhaldskerfi hins opinbera var veikt fyrir, meðal annars vegna áhrifa af stefnu stjórnvalda. Ísland varð þá vettvangur fyrir eina róttækustu frjálshyggjuutilraunina sem sést hefur síðan þjóðfélagi Chile var umbylt á áttunda áratugnum og Nýja Sjálandi á þeim níunda.

Nýir eigendur bankanna beittu þeim á ótæpilegan hátt í fjárfestingarstarfsemi, sem líkja má við óhefta spákaupmennsku. Í kjölfarið fylgdi dæmigerð ofpensla og eignaverðsbóla, með óvenju mikilli skuldaförum, sem svo leiddi til fjármálahruns. Þessari framvindu er lýst með tilvísunum til klassískra kenninga um fjármálakreppur, íslenskra skrifa um frjálshyggjustefnu og með tilvísunum í greiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á orsökum hrunsins á Íslandi.

Strax árið 1980 var Ísland komið í annað sætið á lista Sameinuðu þjóðanna yfir þjóðir með bestu lífskjör í heimi (*Human development Index*) og árið 1990 var Ísland í þriðja sæti á sama lista. Lífskjör á Íslandi voru þannig komin í fremstu röð í heiminum löngu fyrir frjálshyggjutíma síðustu ára.

Sjá nánar greinina "Íslenska efnahagsundrið" á www.ts.hi.is og www.stjornmalogstjornsysla.is. Nánari upplýsingar veitir höfundur greinarinnar (olafsson@hi.is).